



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 75

Febrúar 2000

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn kl. 20:00  
mánudaginn 28. febrúar 2000 í sýningarsal Ferðafélags Íslands,  
Mörkinni 6. (Ath. breyttan fundardag og -tíma)

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Öræfajökull; myndasýning og saga  
*Snævarr Guðmundsson*

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður mánudaginn 28. febrúar 2000 (ath. breyttan fundardag og -tíma). Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé segir Snævarr Guðmundsson frá Öræfajökli einkum könnunarsögu fjallsins og jöklusins. Að sjálfsögðu sýnir hann sínar ágætu myndir og bók hans *Par sem landið ríts hæst* mun liggja frammi til sýnis.

## DYNGJUJÖKULL HLEYPUR FRAM

Dyngjujökull er einn af mestu skriðjöklum Vatnajökuls. Hann gengur fram milli Kverkfjalla í austri og Kistufells að vestan. Hann er þeirrar náttúru að skrifða ekki nógu hratt að jafnaði til að snjór sem fellur á hann ofanverðan skili sér til bráðnunar en þess þarf til að jökkullinn haldi jafnvægi. Afleiðingin er að hann verður brattari og brattari með tímanum. Augljóst er að það hlýtur að enda með því að jökkullinn hrapar fram. Þetta gerist nokkuð reglulega og vitað er af slískum framhlaupum árin 1934, 1951 og 1977 og sennilega einnig um aldamótin 1900. Lætur nærrí að tveir til þrír áratugir líði milli slískra atburða.

Það kom því ekki svo mjög á óvart er fréttist frá vörðum í Sigurðarskála sumarið 1998 að miklir brestir heyrðust í jöklinum. Einnig tilkynnti Þórhallur Þorsteinsson á Egilsstöðum að hann hefði séð úr lofti óvenjulegar sprungur í jöklinum þá um sumarið. Ekki brast hann samt á það árið. Voríð 1999 sást úr flugvél að svokölluð framhlaupsbylgja var komin niður um miðjan jökul eða svo. Svo illa leist

jöklarannsóknarnum Raunvísindastofnunar og Landsvirkjunar á sprungur sem þar sáust um vorið að þeir hættu við að setja veðurstöð á jökulinn. Leið þó af sumarið án þess að jökuljaðarinn tæki við sér.

Í desember s.l. bárust fréttir af að Dyngjujökull væri farinn að skríða fram á öllum jaðrinum frá Kistufelli austur að krikanum við Kverkfjöll. Dálítið jökulhlaup kom í Jökulsá á Fjöllum 14. desember og stóð í rúma viku með margvíslegum toppum. Af myndum sem Brynjólfur Gunnarsson frá Hafrafelli tók þann 19. desember s.l. má ráða að það hlaup er komið undan Dyngjujökli austanverðum innarlega í krikanum við Kverkfjöll. Þá var jökuþróndin komin út í miðja Jökulsá á móts við Sigurðarskála. Mikið sjónarspil hefur verið á þessum slóðum undanfarna two til þrjá mánuði því að spretturinn sem jökullin tók hefur ekki verið slælegri en á Síðujökli fyrir sex árum.

Þann 19. janúar 2000 flugu Stefán Scheving og Dagur Kristmundsson frá Egilsstöðum yfir Vatnajökul og sáu að Dyngjujökull var sprunginn frá sporði og upp að fsaskilum. Mátti litlu muna að sprungurnar næðu saman við Gjálparkosinna. Af því sést að allur Dyngjujökull, sem er yfir 1000 km<sup>2</sup> að flatarmáli, er á hreyfingu. Þeir sáu einnig sigketil í jöklinum uppi undir fsaskilum nokkru vestan Kverkfjalla en hann kann að hafa myndast við ofannefnd jökulhlaup.

Helgina 5.-6. febrúar síðast liðinn fór Þórhallur Þorsteinsson með jökuljaðrinum norður frá Sigurðarskála og var hann þar sums staðar kominn fram yfir það sem hann gekk lengst fram 1977 en annars staðar ekki. Mjög lítil hreyfing var á jaðrinum þar og virtist framskrið jafnvæl vera hætt. Ingvar Sveinbjörnsson frá Húsavík sagði að mjög hefði aukist brestir í jöklinum sem heyrðust heim í Sigurðarskála að kvöldi þess 6. og fram á 7. febrúar og mikið hrundi úr jökulstálinu. Hefur áin nú hrakist í austasta farveg sinn þar um slóðir að sögn Ingvarss. Talsvert var af gruggugu vatni og krapi sem hafði sprottið undan jökuljaðrinum og því illfært þar um slóðir.

Við framhlaupið í Dyngjujökli 1977 gekk jökuljaðarinn fram rúmlega einn kilómetra. Ef tekið er tillit til þess að á meirihluta tíma-bilsins frá 1977 hafa jöklar á Íslandi verið að auka við sig, þá má gera ráð fyrir að jökuljaðarinn færist nú heldur lengra fram en þá. Því miður hefur ekki verið mælt sérstaklega hve mikið jökullinn hopaði síðan 1977 og verður að áætla það eftir myndum.

Af þessum upplýsingum má ljóst vera að engu farartæki er fært um Dyngjujökul í ár og það næsta. Þurfa menn því að fara mjög var-

lega á leiðinni milli Kverkfjalla og Grímsvatna eða Gjálpar. Hve lengi þar verður ófært verður tíminn að leiða í ljós.

Oddur Sigurðsson

### SKEIÐARÁRHLAUP Í NÓVEMBER 1999

Annað smáhlaup kom í Skeiðará á árinu 1999. Mælar Raunvísindastofnar sýndu að íshellan á Grímsvötnum byrjaði að síga þann 4. nóvember. Samkvæmt mælum Vatnamælinga byrjaði rafleiðni að aukast í árvatninu þann 5. nóvember og vatnsborð við mælinn að hækka þann 8. nóvember. Ragnar Kristjánsson þjóðgarðsvörður í Skaftafelli tilkynnti um jöklafýlu þann 8. nóvember.

Spáð var um framgang hlaupsins samkvæmt Ifskani Vatnamælinga með rúmmalstólum frá Raunvísindastofnun (400 GI). Út úr því kom að hlaupið næði hámarki þann 16. nóvember og rennslið yrði mest  $1400 \text{ m}^3/\text{s}$ . Samkvæmt sírita stóð vatn hæst í ánni um óttubil þann dag.

Eins og í febrúarhlaupinu næsta á undan jókst leiðni mjög skyndilega er hlauptoppi var náð og stóð í um 3 sólarhringa.

Samkvæmt upplýsingum frá Helga Jóhannessyni hjá Vegagerðinni kom ekkert hlaupvatn í Gígjukvísl en ekki er fyllilega ljóst hvernig hlaupið skiptist á útföll undan jöklinum.

Oddur Sigurðsson

### SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1999

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 43 stöðum. Af þeim hopuðu 35, 3 gengu fram en 3 stóðu í stað. Enn var Grímslandsjökull á kaf í snjó enda er Flateyjardalsheiði annáluð snjóakista. Sporður Virkisjökuls er sem fyrr undir aurlagi en lækkar ört þar á bak við og telst því til hopjöklra þetta árið.

Mesta athygli í ár vekur að nær allir jöklar hopa og er það að vonum þar sem undanfarin 4 ár hafa verið hlý og úrkomurýr þótt Norðurland kunni að vera undantekning þar frá að einhverju leyti. Mælingamenn hafa margir hverjur haft orð á að jöklar þynnist nú ört og segi hop jaðranna ekki alla söguna. Þeir búast sumir við að sporðar dragist verulega saman á næstunni. Það á m.a. við um vestanverðan Skeiðarárjökul og austan til hefur sporðurinn ekki staðið aftar frá því að mælingar hófust 1932. Frekara hop jöklusins leiðir fljótlega til

þess að Skeiðará renni vestur með jökuljaðrinum og sameinast Gíggjukvísl. Þá verður tómlegt um að litast undir Skeiðarárbrú.

ENN er umtalsverður gangur í Leirufjarðar- og Kaldalónsjöklum. Framhlaup brast á í Hagafellsjökli eystri undir vorið og gekk hann langt út í Hagavatn með tilheyrandi vatnagangi svo af tók göngubrú á Farinu. Einnig brustu stíflugarðar við útfall úr Sandvatni svo jöklulgormur komst aftur í Árbrandsá og þaðan í Tungufljót sem hefur verið tært að undansförnu. Sá mikli aur sem fylgir umbrotunum í jöklínnum barst út í Hvítá og olli stangveiðimönnum angri og tjóni.

Fyrir utan þá þrjá framhlaupsjöklra sem gangur var í og nefndir eru hér að ofan þá gekk enginn af mældu jöklunum fram síðastliðið sumar. Það hefur ekki gerst síðan í hlýindunum á fjórða og fimmsta áratugnum. Má því kalla að við stöndum á tímamótum í loftslagssögunni.

Oddur Sigurðsson

### JÖKULL 47. ÁRGANGUR KOMINN ÚT

Skömmu fyrir áramótin kom út nýjasta heftið af Jöklum sem er það 47. í röðinni. Áslaug Geirdóttir og Bryndís Brandsdóttir ritstýrðu heftinu.

Í ritinu eru sex greinar, sem hafa af fræðimönnum verið dæmdar hæfar til birtingar. Þær eru fjölbreytilegar að efni svo sem um umhverfissögu Skaga á Norðurlandi á tímabilinu fyrir 11.300-7800 árum eftir Mats Rundgren, röðun bergganga og misgengja í Borgarsírði eftir Maryam Khodayar, um farveg Gíggjukvíslar í hlaupinu í nóvember 1996 eftir Andrew J. Russell og fleiri, tvær greinar um landmótun undan Kötlujökli (sem því miður er nefndur Höfðabrekkujökkull í greininni, sjá síðar hér í fréttabréfinu) eftir Edward Wisniewski, Antoni Olszewski og fleiri og loks um líkan af þyngdarsviði Surtseyjar eftir Pröst Þorsteinsson og Magnús Tuma Guðmundsson. Þar er líka að finna minningargrein um Ragnar í Skaftafelli eftir Jack Ives og fastar greinar um sporðabreytingar, vorferð félagsins og skýrslur stjórna Jöklarannsókanfélagsins og Jarðfræðafélagsins.

Góðar vonir eru til að á þessu ári komi út tvö hefti af Jöklum og er þá langt til búið að brúa það bil sem lengi hefur bagað útgáfuna.

Oddur Sigurðsson

## KÖTLUJÖKULL HANN SKAL HEITA

Á útgefnum kortum af Mýrdalsjökli hefur verið talsverður rugl-ingur á nafni á skriðjöklí þeim sem gengur niður á Mýrdalssand. Hefur hann ýmist verið kallaður Kötlujökull eða Höfðabrekkujökull. Það er mjög bagalegt að þessi jökull skuli ganga undir tveim nöfnum og væri æskilegt að skera úr um hvort örnefnið skuli notað héðan í frá.

Jöklar hafa tekið miklum breytingum á sögulegum tíma og gengið nær byggðu bóli en á fyrra öldum og hafa menn því haft meira af þeim að segja er fram í sottí. Þar með kemur þörf á að nefna þá hluti sem mest er um fjallað. Nú ferðast menn miklu víðar en áður, jafnt á jöklum sem annars staðar á hálandinu og er þá mikilvægt að hver staður eigi sitt sérstaka nafn, ekki síður á jöklum en utan þeirra.

Vafalaust hefur verið jökull á a.m.k. hluta þess hálandis, sem nú er Mýrdalsjökull, alla sögu Íslandsbyggðar. Hefur hann verið nefndur ýmsum nöfnum svo sem Eyjafjallajökull, Sólheimajökull, Höfðárjökull, Höfðajökull, Höfðabrekkujökull, Mýdalsjökul, Miðdalsjökull, Austurjökull, Kötlujökull og Kötlugjárfjökkull auk númerandi nafns. Skriðjökullinn sem gengur niður á Mýrdalssand og er sá mesti sem gengur út úr Mýrdalsjökli hefur tæplega verið til í sinni númerandi mynd fyrr en á 16. öld og jafnvel ekki fyrr en á þeirri 17. Í nafngiftum þeirra tíma skiftu menn ekki jöklum upp í mismunandi einingar eftir skriðjöklum eins og nú er gjarnan gert heldur voru þeir helst nefndir eftir ám sem frá þeim runnu eða landsvæðum sem að þeim lágu. Það er því ekki von til að finna megi mjög gamalt sérstakt nafn á aðalskriðjöklinum sem gengur niður á Mýrdalssand.

Elsta rit sem mér er kunnugt um þar sem sérnafn er tilgreint og á við þennan tiltekna hluta Mýrdalsjökuls er í lýsingu Sveins Pálssonar á Kötlugosinu 1823. Þar nefnir Sveinn hann „Kötlu-falljökul“, en falljökull var hluti af flokkunarkerfi Sveins á jöklum. Síðan hafa flestir fræðimenn með Þorvald Thoroddsen og Jón Eyþórsson í broddi fylkingar kallað hann Kötlujökul.

Á danska herforingjaráðskortinu nr. 69 Hjörleifshöfði N V í mælikvarða 1:50.000, sem kom út árið 1905, birtist (á spássíu) nafnið Höfðabrekkujökull fyrst á þessum tiltekna skriðjöklí. Ekki er ljóst hvaðan það er fengið. Síðan hafa þessi tvö nöfn Höfðabrekkujökull og Kötlujökull birst á kortum, ýmist hvort fyrir sig eða bæði saman og þá annað innan sviga. Ekki er hér mælt með þeirri meðferð.

Í máli heimamanna virðist skriðjökullinn ekki fá sérstakt nafn fyrr en á síðari helmingi tuttugustu aldar. Í þeim mörgu lýsingum sjónarvotta sem til eru á Kötlugosum og -hlaupum er hvergi að finna sérnafn á jöklinum nema í áðurnefndri lýsingu Sveins Pálssonar. Kjartan Jóhannesson frá Herjólfssþöðum, sem hvað mest hefur skrifsað um svæðið af heimamönnum, notaði alltaf Kötlujökulsnafnið. Að-spurðir hafa kunnugustu menn í Álfaveri sem eiga afréttarland að meginhluta jöklusins (Gissur Jóhannesson á Herjólfssþöðum og Hilmar Jón Brynjólfsson á Þykkvabæjklaustri) eindregið viljað halda nafninu Kötlujökull. Gissur segir þó að í daglegu tali sé honum tamast að vitna til þessa hlutar Mýrdalsjökuls sem „skriðjökulsins“ og það sama sagði Pálmi Andrésson í Kerlingardal. Mýrdælingar virðast margir hafa tamið sér nafnið Höfðabrekkujökull og má þar nefna Ólaf Pétursson á Giljum og Þóri N. Kjartansson í Vík. Sú nafngift hefur þá skýringu að Höfðabrekkufréttur liggur að suðurjaðri jöklusins þótt í litlu sé. Einar H. Einarsson á Skammadalshóli taldi Höfðabrekkujökulsnafnið réttara en ekki hafa fundist rök hans fyrir því.

Nú er til þess að taka að nafnið Höfðabrekkujökull er bráðlifandi örnefni á malaröldum skammt austan Víkur þar sem er flugvöllur nú. Þetta örnefni kemur víða fyrir í ritum frá 19. og 20. öld og í mörgum lýsingum af Kötluhlaupum og einnig á ofannefndu herforingjaráðskorti. Það er notað í daglegu tali í Mýrdal og Álfaveri. Þessir malarhaugar mynduðust að því er talið er í Kötluhlaupi 1721 og eiga sér margar hliðstæður að gerð og heiti (t.d. Lambajökul og Austurjökul á Mýrdalssandi og Grasjökul og Svartajökul í Öræfum). Hefur a.m.k. einu sinni legið við slysi út af misskilningi vegna þess að malarhauginum var ruglað saman við samnefndan jökul. Auðvelt er að ímynda sér miklu afdrifarískari misskilning ef þessi örnefni eru ekki einraeð. Hér er um að ræða vettvang Kötluhlaupa, en þau eru meðal stórkostlegustu náttúruhamfara sem verða á Íslandi og þótt miklu víðar væri leitað. Legg ég því til að framvegis verið umræddur skriðjökull kallaður Kötlujökull. Það nafn á sér miklu lengri sögu og er notað af heimamönnum sem eiga afréttarland að stærstum hluta jöklusins. Auk þess hefur Katla sett mark sitt á þennan jökul með slískum ódæmum að ekki er þörf neins frekar í nafnfestri.

Oddur Sigurðsson

## FRÁ SKÁLANEFND

Ákveðið var í stjórn félagsins að gistigjald verði óbreytt frá fyrra ári:

Í Jökulheimum 800 kr./nóttin  
Á Grímsfjalli 1000 kr./nóttin  
Í öðrum skálum 500 kr./nóttin

Lyklavarsla er hjá neðangreindum mönnum og félögum:  
Ástvaldi Guðmundssyni (s. 568 6312/557 7616) Rakarastofunni Dalbraut 1 í Reykjavík,  
Alexander Ingimarssyni (s. 587 5600/554 4403)  
4X4 klúbbnum á Akureyri (s. 462 7233/462 7053)  
Flugbjörgunarsveitinni Hellu (s. 487 5940/487 6511) og  
Völundi Jóhannessyni á Egilsstöðum (s. 471 1200/471 1315).

Skálanefnd

## FÉLAGSGJÖLD

Í kjölfar á nýútkomnum Jökli fara að berast greiðsluseðlar fyrir næsta Jökli. Það er von okkar að ekki verði langt í hann og biðum við félaga að bregðast vel við greiðslubeiðni, enda er það góðs viti að ekki líði langt á milli. Þá erum við að saxa á forskot gamalla synda.

Stjórnin